

AUGLÝSING

um innheimtu sameiginlegra gjalda á Seltjarnarnesi.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, gera ríkissjóður og bæjarsjóður Seltjarnarness með sér svofelldan

SAMNING :

1. Bæjarsjóður Seltjarnarness tekur að sér innheimtu álagðra þinggjalda til ríkissjóðs í Seltjarnarnesbæ.
2. Hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við innheimtuna skal ákveðinn árlega og miðast við heildarfjárhæðir samkvæmt skattskrá ár hvert. Ríkissjóður greiði mánaðarlega sinn hluta kostnaðar og skal mánaðargreiðslutala leiðrétt frá áramótum.
3. Innheimtudeild Seltjarnarnesbæjar ber að sjá um innheimtu gjalda þeirra, sem samningurinn nær til, á þann hátt og með þeim aðferðum, sem lög og önnur fyrirmæli segja til um og gæta þess, að sú innheimta sé með eðlilegum og tiltækilegum hraða og ekkert tapist vegna vanrækslu né tómlætis. Innheimtudeildin hefur heimild þeirra aðila, sem gjöld eru innheimt fyrir, til þess að taka ákvarðanir um gjaldfresti í venjulegum tilvikum, en ef um afbrigðileg atvik er að ræða, skal bera gjaldfrestsbeiðnina undir fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Innheimtudeildinni ber að æskja niðurfellingar gjalda úr eftirstöðvum, ef deildin telur þau af einhverjum ástæðum óinnheimtanleg, og skal hafa samráð við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um það, hvernig hátað skuli slíkum niðurfellingatillögum.
4. Innheimtudeild Seltjarnarnesbæjar er aðili að málum, er risa kunna af innheimtu gjalda, er henni verður falið að krefja.
5. Fé það, sem innheimt er, skal lagt inn á sérstakan reikning, daglega. Uppgjör til ríkis og bæjar skal fara fram tvisvar í viku, eftir hlutföllum í álagningarskrám. Innheimtudeildin sendir frá sér ársfjórðungsskýrslu, svo og áramótauppgjör. Óski aðilar mánaðarskilagreinar, skal hún látin í té.
6. Reksturskostnaður Innheimtudeildar 1975 er áætlaður, sbr. 2. gr., eftir álagningarskrá 1974, sem hér segir:

Ríkissjóður 54%.

Bæjarsjóður 46%.

Ef eftirstöðvaskrár aðila, er afhentar verða Innheimtudeild, verða með meira en 5% mismun frá þessu hlutfalli, mun hlutfallstala leiðrétt strax í samræmi við það. Áætlað starfslið: Innheimtustjóri og 1½ skrifstofustúlka.

7. Samningur þessi er gerður til 5 ára og er uppsegjanlegur með árs fyrirvara, en sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár í senn. Innheimtudeild hefur starfsemi sína 1. janúar 1975.

Reykjavík, 19. ágúst 1974.

F. h. ríkissjóðs,
Höskuldur Jónsson.

F. h. Seltjarnarnesbæjar,
Sigurgeir Sigurðsson.